

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Það eru sérstakir tímar sem við lifum núna og landsmenn eru samstíga í því að takmarka útbreiðslu kórónaveirunnar eins og hægt er og hægja á covid19 smiti.

Eins og þið sjálfsagt vitið þá eru skólar beðnir um að takmarka samgang eins mikið og hægt er þó svo að skólastarf haldi áfram. Skólastjórnendur skólanna í sveitinni, sveitarstjóri og sveitarstjórnarfolk hefur fundað um helgina og útbúið aðgerðaráætlun fyrir næstu vikur.

Í þessu bréfi fáið þið skipulag morgundagsins, mánudagsins 16. mars en síðan fáið þið frekari upplýsingar á morgun varðandi framhaldið.

Við biðlum til foreldra að þeir sem geta keyrt og sótt börn sín í skólann geri það þessar vikur fram að páskum. Við höfum bætt við bíl á leið 2 þar sem of margir eru í þeim bíl miðað við fjöldatakmarkanir. Sem varúðarráðstöfun er gott að hvetja börnin til að vera með vettlingana sína á sér í bílunum.

Þessar vikur fram að páskum getum við ekki tekið á móti nemendum inn í skólann fyrr en eftir klukkan 8:00, hvort sem þau eru keyrð eða koma gangandi.

Breytingar sem gilda fram að páskum:

- skólatími nemenda er stytur og skóla lýkur klukkan 12:40 og skólabílar keyra þá heim
- frístund er einungis í boði fyrir nemendur í 1. og 2. bekk frá klukkan 12:40 - 16.00 en frístund verður lokuð **mánudaginn 16. mars** vegna starfsdags eftir hádegi

Skipulag fyrir mánudag

- nemendur koma inn um inngang á sínu stigi og nota hann eingöngu
- starfsmenn taka á móti þeim og síðan fara þau í sínar heimastofur
- nemendur þvo sér um hendurnar strax við komu í skólann
- kennsla verður til klukkan 12:40 og starfsdagur eftir það
- frístund verður ekki opin og engar æfingar verða hjá Samherjum
- nemendur eru í sínum heimastofum og kennarar fara á milli en þvo sér og spritta vel á milli tíma
- hádegismatur verður inni í bekkjastofum með umsjónarkennurum
- nemendur verða inni í bekkjarstofum í frímínútum en kennarar eru hvattir til að fara með nemendum út á öðrum tímum
- ávaxtastund verður inni í hverri stofu á morgun, einnig á unglíngastigi þar sem ekki verður boðið upp á hafragraut

Við vitum að mörgum spurningum er enn ósvarað en nánari upplýsingar verða sendar út á morgun mánudag.

Mikilvægt er að við hjálpumst öll að við þetta stóra og sérstaka verkefni og höfum alltaf velferð og líðan barnanna að leiðarljósi.

Bestu kveðjur, skólastjórnendur